Opið hús

Athugasemdir úr kassa og á kortum

A1670-058-U02

Dags. 28.02.2025

Til: Auðar D. Kristinsdóttur, skipulagsfulltrúa, Kristjönu H. Kristjánsdóttur og Andreu Kristinsdóttur, verkefnisstjóra

Frá: Dóru Hrólfsdóttur, Drífu Árnadóttur og Halldóru Hreggviðsdóttur, Alta

Inngangur - um opna húsið


Nú er í gangi vinna við gerð rammahluta aðalskipulags Kópavogsbæjar 2019-2040 fyrir vestanvert Kársnes. Í þessari samantekt er yfirlit yfir þær athugasemdir sem bárust á opnu húsi sem Kópavogsbær og Alta héldu dagana 6, 8 og 10 febrúar 2025 til þess að kynna vinnslutillögu rammahlutans fyrir vestanvert Kársnes.

Rammahlutinn fyrir vestanvert Kársnes snýr einkum að:

- Mótun heildarsýnar fyrir áframhaldandi þróun svæðisins.
- Skilgreiningu á karakter svæðisins.
- Styrkja tengsl við núverandi byggð.
- Skapa góðar samgöngutengingar, sérstaklega fyrir gangandi- og hjólandi vegfarendur.
- Móta stefnu um vönduð og vel hönnuð almenningsrými.

Markmið opna hússins var að miðla efni rammahlutans og fá upplýsingar frá íbúum og öðrum hagsmunaðilum til þess að nýta áfram í skipulagsvinnunni og leyfa þeim að taka þátt í að móta framtíðarsýn fyrir vestanvert Kársnes.

Vinnslutillagan var í auglýsingu frá 16. janúar til 21. febrúar 2025.












Skjal sótt af '000000000000' dags: 11.11.2026

Athugasemdir úr læstum kassa

- **Innviðir fyrir hunda** eru mikilvægir fyrir okkar fjórfættu vini! Það eru hundruðir hundaeigenda í Kópavogi og ekki eitt einasta hundagerði. Takk <3
- Ábendingar frá Ómari Stefánssyni
    - Tryggja að það verði gerð **umferðarspá fyrir Urðarbraut** sem er eina gata sem þverar Kársnesið.
    - **Að ekki verði farið undir 1 bílastæði á íbúð á Kársnesi**. Því bæði er auðvelt að breyta bílastæðum í grænt svæði og eins hægt að rukka fyrir ef það eru umfram stæði.
- **Kársnes ábendingar almennt**
    - Fækka íbúðum!
    - Lækka háhýsin.
    - Græn svæði sem fyrst.
    - Meiri þjónustu sem fyrst - hvetja!
    - Bílahús eru jákvætt.
    - ,,Rauða húsið" burt sem fyrst því það er mikil lýti af því og s.s. fleirum.
    - Lækka og fækka íbúðum á Hafnarbraut 10.
    - Verið að troða allt of mörgum íbúðum á lítið svæði.
    - Verður mjög mikil bílaumferð.
    - Vantar græn svæði - garð.
    - Hugum að andlegri heilsu íbúa, ekki bara hugsa um að græða sem mest.
- **Uppfylling við landtöku Öldubrúar** er eingöngu kostnaður og ætti að hverfa úr aðalskipulagi - austan tengingar Öldu við landið. Mætti í staðinn gera **göngustíg sjávarmegin við Sky Lagoon** því landslög segja almenning allstaðar eiga að geta gengið meðfram sjó. Færa göngustíginn samfara á allan sjávarbakkann.
- Mér finnst mjög augljóst að **hverfiskjarninn í skipulagshugmyndinni eigi að vera norðar,** við og kringum borgarlínustöð. Það styrkir bæði stöðina og hverfiskjarnann. Augljóst að ætti að þétta byggð við allar aðal borgarlínustöðvar og jafnframt að koma þar fyrir góðum þjónustukjörnum eða hverfiskjörnum. FÆRA HANN NORÐAR!
- **Kajakmiðstöð Íslands - atriði til að hafa í huga við mótun**
    - Pláss til að geyma báta, t.d. hjá Ými.
    - Túrismi - útleiga skipulagðar ferðir.
    - Aðgengi að fjöru (t.d. Sjáland).
    - Menntastofnun/samkomusalir.
    - t.d. fuglaskoðun / t.d. Ýmir.
    - Fjöldi t.d. 1000 manns.
    - Öryggisbúnaður / bátar til útleigu.
    - Vinnustaðaferðir allt árið.
- Huga að **litlum sleðabrekkum** fyrir börn yngri en ca. 6 ára þegar snjór er.
- Lóðin á norðurströnd Kársness sem hefur verið til umræðu fyrir Sky Lagoon Old Town væri tilvalin fyrir **Listaháskóla Íslands.** Með brúartengingu væri Listaháskólinn hluti af háskólasvæðinu höfuðborgarinnar. Stúdentaíbúðir gætu verið beggja vegna brúar og borgarlínustopp við hliðina á skólanum. Bein borgarlínutenging að menningarhúsum Kópavogs. Möguleiki á framtíðarnýtingu iðnaðarhúsnæðis undir leikhús eða sýningarhald. Þetta gæti hæglega orðið þungamiðja listsköpunar á Íslandi. Einmitt á svona svæðum byggjast slík samfélög upp. Tímalína borgarlínu og brúar gæti líka fallið vel að uppbyggingu skólans. Líkast til eru 2-3 ár þar til brú er tilbúin, sem er sami tími (eða svipaður) og tæki að koma upp listaháskóla. Þegar liggur fyrir ítarleg þarfagreining fyrir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

skólann sem hægt væri að aðlaga að þessari lóð. Ekki er eining innan LHÍ að flytja á Skólavörðuholt eins og nú stendur til. Hér þarf bara pólitískan vilja. Þetta er tækifæri sem bærinn ætti að grípa!



- **Siglingarstarfsemi**
    - Uppsátur fyrir stærri skútur vestast á vestari hafnargarði.
    - Góð aðstaða fyrir siglingarstarfsemi sbr. sturtur, félagsaðstaða.
    - Allt skútustarf fer út í Kársneshöfn (ekki slíta starfsemina á tvo aðskilda staði, starf fyrir börn þarf að vera samtengt starfsemi fyrir fullorðna)
    - Fara í greiningu á þörfum siglingafólks og gera viðunandi aðstöðu í Kársnesskóla.
- **Mynd**: uppsátur fyrir stórar skútur
- Mér finnst frábært að það sé tekin fyrirmynd af hafnarborgum á Norðurlöndum. Ég er sérstaklega spenntur fyrir **Kársneshafnarsvæði í anda Nordhavn, Christianshavn og Islandsbryggju í Köben.** Einnig væri gott að nýta **bílastæðahús sem leiksvæði eða grænt svæði** t.d. Ikea Fisketorvet (DK) og Nordhavn. Hlakka til að sjá þetta raungerast.
- Mér finnst mikilvægt að fá **Bónus á Kársnesið** til þess að dreifa álag frá Nýbýlavegi. Matvöruverslun í göngufæri á Ora reitnum.



Athugasemdum á loftmynd og kortum.

Athugasemdir á loftmynd og korti af skipulagshugmynd

- **Athugasemdir sem eiga við allt svæðið**
    - Þetta er mikil þétting.
    - Bekki við gönguleiðir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Heilsugæslu á Kársnesið.
- Muna börn á leið í skóla.
- Verslun á ný í hverfið.

- **Hafnarsvæðið**
  - Framtíðartenging stofnstígs hjólreiða hætti við smábátabryggjuna (fari ekki um sunnanvert Kársnes).
  - Alltaf logn í smábátahöfninni (innan við grjótgarðinn).
  - Horfa á flotgrind til að synda sunnan við hafnarsvæðið, sbr. Dragör.
  - Færa allt skútustarf út á Kársneshöfn.
  - Er verið að hugsa um báta sem ekki geta siglt undir brúnna?
  - Flotbryggjan fór nærri á hliðina í rokinu.
  - Huga vel að skjóli fyrir norðanáttinni á sumrin hjá veitingastað við höfnina.
- **Grænt svæði sunnan við Sky Lagoon (Akkeri 3) og svæðið sunnan við það**
  - Leikvöllur í skugga.
  - Passa að ekki sé skuggamyndun á svæði.
  - Uppsátur, staður þar sem bátar eru geymdir.
  - Það þarf svæði þar sem kerrur undir báta komast fyrir og uppsátur í seilingarfjarlægð fyrir krana og báta.
  - Kennileiti má ekki túlka sem aukna hæð húsa.
  - Krani við hafnarkant og uppsátur fyrir báta við það svæði.
- **Grænt svæði norðan megin við Sky Lagoon (Akkeri 4)**
  - Rokrass.
- Stígur norðan við bryggjuhverfið Naustavör
  - Stálstigar/tröppur út í sjó.
  - Verður þessi stígur þjónustaður af bænum t.d. söltun og mokstur?
  - Vantar ruslafötur fyrir hundaeigendur.
- **Ora reitur**
  - Varðveita Ora listaverk.
  - Aðskilja hjóla- og göngustíga meðfram reitnum.
- **Fossvogsbrú og norðanverð Kársnestá**
  - Mikilvægt að tryggja áningarstaðir með bekkjum, reglulega og þétt, þar sem brúin tengist Kársnesi.
  - Passa atvinnurými á jarðhæðum séu nógu lítil.
  - Passa að jarðhæðir séu með a.m.k. eina og hálfa (1 og 1/2) lofthæð fyrir birtu.
  - Allar íbúðir á jarðhæð ættu að vera með beint aðgengi að götu.
  - Hér á listaháskólinn að vera, tenging við hina háskólana og stutt í menningarhúsin.
- **Borgarlínustopp**
  - Hér er næðingur á milli blokka.
- **Hafnarbraut og svæði í kring**
  - Þröngur götukassi.
  - Hafnarbraut/Vesturvör við hliðina á geymslu þjóðminjasafns.
    - Hér þyrfti að vera aðrein með einstefnu.
  - Hafnarbraut 17
    - Hér þyrfti bílastæðahús að koma.
    - Það þarf fleiri bílastæði á þessu svæði fyrir veitingastað.
  - Varðveita bílinn á veggnum á Hafnarbraut 8 - mikið karaktereinkenni.
- **Vesturvör**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Gatnamót við Vesturvör fyrir ofan Naustavör.
  - Of hröð umferð.
  - Margt að gerast - ath börn.
- Vesturvör/bakkabraut.
  - þessi gatnamót þarf að laga fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Tröppur frá Vesturvör niður að Huldubraut.
  - Undirgöng eða hættulegar tröppur, ekki mokaðar þurfa hita.
- Þarf að hugsa fyrir öryggi barna við Vesturvör.
- Það þarf að lækka hraðann á Vesturvör.

- **Kársneshæðin og hverfin þar**
  - Það þarf bílastæðahús nálægt Hamraborg.
  - Gatnamót við sundlaug.
    - Löng biðröð um kl. 16:00. Ljós við Urðarbraut-Borgarholtsbaut.
  - Erfitt fyrir íbúa að ekið sé upp Urðarbraut.
  - Verður einstefna á Borgarholtsbraut?
  - Skipulagsmörk við Borgarholtsbraut.
    - Stelluróló þarf að vera góður.
    - Skoða þarf fjölgun leiksvæða (merkt rétt hjá Stelluróló).
    - Vantar hjólastígakerfi að skólum fyrir börn.

Verkefni sem sveitarfélagið getur farið í strax

- **Innviðir fyrir hunda** eru mikilvægir fyrir okkar fjórfættu vini! Það eru hundruðir hundaeigenda í Kópavogi og ekki eitt einasta hundagerði. Takk <3
- **Stígur norðan við bryggjuhverfið Naustavör**
  - Stálstigar/tröppur út í sjó.
  - Verður þessi stígur þjónustaður af bænum t.d. söltun og mokstur?
  - Vantar ruslafötur fyrir hundaeigendur.
- **Varðveita bílinn á veggnum á Hafnarbraut 8** - mikið karaktereinkenni.
- **Tröppur frá Vesturvör** niður að Huldubraut.
  - Undirgöng eða hættulegar tröppur, ekki mokaðar þurfa hita.
- **Það þarf að lækka hraðann á Vesturvör.**
- **Stelluróló þarf að vera góður.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026